



ÞAR ER LEIKUR AÐ LÆRA ÍSLENSKU

AÐ TENGJA TVÖ HEIMA



Nafn verkefnis:	Þar er leikur að læra íslensku – að tengja tvo heima
Verkefnisstjórn:	Iris Rún Andersen og Ólöf Jónasdóttir
Samstarfsaðilar:	Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og Inga María Brynjarsdóttir, myndlistamaður
Númer samnings:	UMS-30



Leikskólinn Iðavöllur
v/ Gránufélagsgötu
600 Akureyri
414-3740
idavollur@akureyri.is

Miðstöð skólaþróunar
Sólborg v. Norðurslóð
600 Akureyri
460-8590
msha@msha.is

Þar er Leikur að læra íslensku – Að koma til móts við börn og foreldra af erlendum uppruna.

Leikskólinn lðavöllur hefur síðastliðin þrjú ár unnið að því að efla starf með fjölskyldum af erlendum uppruna. Skólaárin 2016/2017 og 2017/2018 var unnin móttökuáætlun fyrir leikskólann og handbók um leikskólastarfið fyrir foreldra, samhliða því var markviss vinna með málið aukin. Skólaárið 2018/2019 var lögð áhersla á samvinnu við foreldra varðandi málörvun og nýtt námsefni fyrir börn af erlendum uppruna prufukeyrt.



Móttökuáætlun

- Verklagsreglur
- Hvernig viljum við taka á móti börnum af erlendum uppruna?



Handbók

- Dagskipulag
 - Hvað er gert í hverri stund?
 - Hvað er verið að æfa/læra?
- Skóladagatal
 - Hvað liggur að baki tyllidögum?
 - Hvað er gert í leikskólanum?
 - Til hvers er ætlast af foreldrum?



Íslenskunám

- Orðalistar með grunnorðaforða málsins
- Unnið með ákveðin þemu
- Búin til verkefni, leikir og spil sem fjölskyldur geta fengið lánuð heim
- Orðaþemu sett inn í smáforritið Bitsboard og þeim deilt með foreldrum
- Foreldrar tengja móðurmálið við verkefni og kenna orðaforða á báðum tungumálum heima

Markmið

- Að styðja við íslenskunám barna og foreldra af erlendum uppruna.
- Að leita nýrra leiða til að kenna börnum grunnorðaforða tungumálsins í samstarfi við foreldra.
- Að auka tengsl foreldra af erlendum uppruna við leikskólann og auka þátttöku þeirra í skólastarfinu.



Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Haustið 2016 hófst vinna út frá orðabæmum með börnum sem læra íslensku sem annað mál í leikskólanum Iðavelli á Akureyri og hefur sú vinna gengið vel og vinnubrögðin fest í sessi. Samhliða aukinni áherslu á orðaforðanám barna af erlendum uppruna var útbúin handbók um leikskólastarfið fyrir foreldra og móttökuáætlun fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna. Þróunarverkefnið *Þar er leikur að læra íslensku, að tengja tvo heima* er framhald af þessari vinnu og felst í að leita leiða til að virkja foreldra til að taka þátt í íslenskunáminu. Auk þess miðar verkefnið að því að þróa og prófa námsefnið *Orðaleik* sem er nýtt námsefni ætlað leikskólabörnum af erlendum uppruna sem læra íslensku sem annað mál.

Orðaleikur – námsefni fyrir börn af erlendum uppruna

Námsefnið *Orðaleikur* er nýtt námsefni fyrir börn af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku. Það samanstendur af handbók um orðanám fyrir leikskóla, kennsluleiðbeiningum og myndasafni með teikningum sem ná yfir grunnorðaforða íslenskunnar með sérstakri áherslu á þann orðaforða sem leikskólabörn þurfa að kunna. Námsefnið er samið af starfsmönnum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri sem hafa þróað námsefnið í samstarfi við leikskólann Iðavöll. Inga María Brynjarsdóttir myndlistamaður teiknaði myndirnar og er þessi skýrsla myndskreytt með myndum úr verkefninu.

Í námsefninu *Orðaleik* er lögð áhersla á grunnorðaforða íslenskunnar eða þann orðaforða sem börn þurfa að tileinka sér til að geta verið virkir þátttakendur í leikskólastarfinu og átt samskipti við jafnaldra sína og leikskólakennara. Myndirnar úr myndasafninu eru hentugar til að kenna orðaforða og þær má nota sem grunn að samræðum þar sem unnið er með setningar og flóknari orð. Þær eru einnig hugsaðar sem stuðningur við aðlögun barna og til að einfalda samskipti fyrstu dagana í leikskólanum, t.d. er hægt að setja upp myndrænt skipulag fyrir börnin, merkja hluti og staði í leikskólanum, búa til spil og málræktarverkefni.

Bakpokar með málörvandi efni

Á iðavelli er lögð áhersla á viðbótarmálörvun fyrir þau börn sem læra íslensku sem annað mál. Börnin fá auka málörvunartíma í leikskólanum þar sem íslenskan er æfð í litlum hópum en einnig mikil áhersla lögð á málörvun í dagsins önn. Málumhverfi barnanna utan leikskólans er einnig þýðingarmikið, rækta þarf móðurmál barnanna og bæta jafnt og þétt við orðaforða þeirra á báðum tungumálum.



Í þróunarverkefninu *Þar er leikur að læra íslensku, að tengja tvo heima* er leitast við að tengja heimili og skóla og veita foreldrum verkfæri til að vinna að málörvun heima í gegnum skemmtilega leiki og verkefni. Verkefnið felur í sér að senda málörvandi verkefni heim með börnunum. Verkefni eru sett í bakpoka sem inniheldur leiki og spil sem tengjast því orðaþema sem kennarar eru að leggja inn í skólanum. Í bakpokanum er einnig Lubba-bangsi (Lubbi er mikill vinur barnanna og mikið notaður í leikskólanum til að kenna máhljóðin) og spjaldtölva með smáforritunum *Bitsboard*, *Orðagull* og *Lærum og leikum með hljóðin*.

Í bakpokunum eru einnig verkefni tengd orðaþemunum, t.d. upptökur þar sem kennarar lesa bækur á íslensku, sögur, bækur, púsluspil, jöfnuspil, bingó og annað skemmtilegt efni sem eflir málþroska og gefur tækifæri á notalegum samverustundum foreldra og barna.

Hugmyndin að baki verkefninu er sú að hin fjölbreytta og skemmtilega orðaforðavinna sem fer fram í leikskólanum geti haldið áfram heima í gegnum leiki og samveru foreldra og barna. Heima geta börnin skoðað efnið með foreldrum sínum, kynnt íslensku orðin fyrir þeim og lært sömu orð á móðurmálinu. Á þennan hátt sjáum við fyrir okkur að styðja bæði við móðurmáls- og íslenskunám barna og foreldra.

Smáforritin sem notuð voru í verkefninu

Bitsboard er forrit sem gefur notendum möguleika á að búa til sín eigin verkefni og leiki út frá myndasöfnum. Einnig er hægt að skoða myndirnar og hlusta á orðin. Bitsboard er til bæði í útgáfu sem þarf að greiða fyrir og eins í einfaldari útgáfu sem hægt er að sækja ókeypis í vefverslun Apple. Foreldrar geta því sótt smáforritið og verkefnið endurgjaldslaust í eigin tæki ef þeir hafa áhuga á að vinna með orðasöfnin heima eftir að búið er að skila bakpokanum.

Orðagull er íslenskt smáforrit sem miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu og máltjáningu nemenda. Orðagull má einnig sækja ókeypis í vefverslun Apple.

Lærum og leikum með hljóðin er íslenskt kennsluefni sem miðar að því að efla hljóðkerfisvitund, framburð og tjáningu barna. Í smáforritinu eru öll íslensku máhljóðin kennd á lifandi hátt með fyrirmynd fyrir hvert og eitt hljóð. Heiti bókstafanna og hljóð þeirra eru kennd með íslenska fingrastafrófinu um leið og lestrarferlið er undirbúið. Á sama tíma er réttur framburður hljóða kenndur.



Jöfnuspil og bingó með orðaforða tengdum dýrum, leik og útiveru



Verkefni upp úr bókinni um Gullbrá og bernina þrjá

Framkvæmd verkefnisins og frávík frá áætlun

Í umsókn til Sprotasjóðs var gert ráð fyrir tveimur verkþáttum, annars vegar undirbúningi og hins vegar framkvæmd. Gert var ráð fyrir að undirbúningur færi fram í ágúst, september og október. Í honum fólst að setja myndasöfnin inn í Bitsboard, setja upp spjaldtölvurnar og koma efninu fyrir í bakpokum sem auðvelt væri fyrir fjölskyldur að taka með sér heim. Í nóvember og fram í maí var gert ráð fyrir að bakpokarnir yrðu sendir heim.



Undirbúningur fyrir verkefnið gekk vel en lengri tíma tók að teikna myndirnar og fullvinna þær en gert var ráð fyrir í upphafi og lauk vinnu við síðustu orðapemun í maí 2019. Því urðu tafir á að koma orðasafninu í heild sinni inn í Bitsboard en stefnt er að því að öll orðapemun verði tilbúin haustið 2019. Í þróunarstarfinu komu upp hugmyndir að skemmtilegum leikjum, spilum og verkefnum í bakpokana, efnið sem fylgir hverju þema varð því fjölbreyttara en lagt var upp með í upphafi. Vinna við að búa til nýtt námsefni bættist því við áætlunina.

Eitt af því sem bættist við var vinna út frá sögu. Fyrir valinu varð sagan um *Gullbrá og birnina þrjá*, en hana má finna á mörgum tungumálum. Í sögunni er mikið um endurtekningar og hentar hún því vel fyrir börn sem eru að læra málið. Foreldrar voru beðnir um að lesa söguna fyrir börnin sín á móðurmálinu en einnig gátu þeir hlustað á upptöku af sögunni á íslensku í spjaldtölvunni. Í framhaldinu gat fjölskyldan leikið saman með efni úr bakpokanum.

Fyrirhugað var að hafa fræðslukvöld um máltöku og tvítyngi fyrir foreldrahóp, þeirri fræðslu var frestað og ákveðið að hafa hana næsta haust, þegar verkefnið er komið betur af stað og öll námsgögn tilbúin.

Bakpokarnir fóru heim með elstu börnunum í byrjun febrúar sem var nokkru seinna en áætlun gerði ráð fyrir. Áður en bakpokarnir fóru heim var send rafræn kynning á verkefninu til foreldra. Fyrir eldri börnin var orðasafnið tengt þema mánaðarins eins og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun en hjá yngri börnunum var lögð meiri áhersla á einfaldan orðaforða og t.d. litaheiti. Elstu börnin voru mjög

Áhugasöm og stolt þegar þau fengu að fara heim með bakpokana en misjafnt var hversu mikinn áhuga yngstu börnin sýndu efninu, e.t.v. þarf að endurskoða hvers konar efni fer heim með þeim.



Lagt var upp með að tengja bakpokana við orðabæmun í Orðaleiksnámsefninu og þá einkum það þema sem er í gangi í leikskólanum hverju sinni en reynslan sýnir að það er mikil vinna að halda utan um sérstakt námsefni fyrir hvert þema og þar að auki eru þemun eru of mörg til að allir nái að fara með bakpokann heim. Því hefur verið ákveðið að hafa ákveðin grunnþemu í gangi sem innihalda orð sem mikilvægt er að börnin læri og aðlaga efnið í bakpokanum að þeim og aldri barnanna, e.t.v. tvö þemu fyrir áramót og tvö eftir áramót. Foreldrar og börn þösuðu vel upp á bakpokana og allt námsefnið skilaði sér til baka og ekki sá á spjaldtölvunum.

Foreldrar voru almennt jákvæðir og áhugasamir og kennarar hvöttu alla fjölskylduna til að taka þátt. Öll tvítýngd börn fóru heim með bakpokann a.m.k. einu sinni og fengu að hafa hann frá mánudegi til fimmtudags. Misjafnt var hversu mörg tvítýngd börn voru á deildunum og því misjafnt hversu langan tíma tók að fara eina umferð. Systkini fengu bakpokann heim á sama tíma, það gaf góða raun.

Helstu hindrarnir sem komu upp

Verkefnið gekk vel fyrir sig og engar stórar hindranir komu upp. Tímabrekkara var að teikna og fullvinna myndirnar í myndasöfnunum/orðabæmunum til birtingar en tímaáætlun hafði gert ráð fyrir og voru þemun því í vinnslu jafnt og þétt yfir allt skólaárið. Næsta haust verða öll orðabæmun tilbúin og verkefnið aðgengileg í Bitsboard. Eins fór mikill tími í að útbúa námsefni fyrir ólíka aldurshópa. Í fyrstu var hugmyndin sú að fá foreldra til að lesa inn á orðasöfnin í *Bitsboard* á móðurmálinu, seinna var horfið frá þeirri hugmynd og ákveðið að hafa fyrirkomulagið þannig að foreldrar tala sitt móðurmál heima við barnið, endurtaka orðin á móðurmálinu en hafa orðasöfnin á íslensku til hliðsjónar. Rökin fyrir því eru m.a. að ýta undir og efla samskipti, samveru og vinnu með efnið heima.

Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Verkefnið er mikilvægt á marga vegu. Helsti ávinningur þess fyrir leikskólann og foreldra var aukið samstarf um íslenskunám barnanna. Foreldrar fengu aðgang að fríu, aðgengilegu og vönduðu kennsluefni sem hægt var að nota heima og gat nýst allri fjölskyldunni. Fyrir aðra leikskóla er mikilsvert að sjá hvernig hægt er að nota námsefnið *Orðaleik* í foreldrasamstarfi og að hafa aðgang að rafrænu verkefnasafni með leikjum tengdum grunnorðaforða íslenskunnar í verkefnabanka *Bitsboard* smáforritsins. Orðasöfnin eru opin öllum og þau er hægt að sækja frítt í gegnum smáforritið.



Mat á verkefninu

Markmiðið með verkefninu *þar er leikur að læra íslensku – að tengja tvo heima* að vekja athygli á mikilvægi tungumálsins, bæði móðurmáls barnanna og íslenskunnar. Verkefnið miðaði að því að efla vinnu með orðaforða bæði í leikskóla og heima og virkja foreldra með í námsferlið í gegnum leik og samveru. Vel tókst til og leiddi verkefnið til aukinna tengsla kennara við foreldra barna af erlendum uppruna og aukinnar virkni þeirra í námi barnanna. Verkefnið hvatti auk þess til áframhaldandi nýsköpunar og starfsþróunar starfsfólks Iðavallar með menntun fyrir alla að markmiði. Þar hefur byggst upp þekking og reynsla á vinnu með fjölskyldum af erlendum uppruna sem starfsmenn vilja deila með öðrum.

Verkefnið heldur áfram næsta vetur og mun þá komast betra skipulag á vinnuna. Í foreldraviðtölum í haust verða foreldrar þeirra barna sem hafa fengið bakpoka heim spurðir áhlits á verkefninu og þeim boðið upp á að koma með hugmyndir.



Niðurstöður og áhrif verkefnisins á skólastarfið

Þróunarverkefnið í heild sinni hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið, aukin umræða um málefni barna og foreldra af erlendum uppruna hefur skilað sér í markvissari vinnu og meiri ígrundun í daglegu starfi. Almennt má segja að skilningur og þekking á sérþörfum barna sem læra íslensku sem annað mál og þörfum fjölskyldna af erlendum uppruna hafi aukist í skólanum sem og áhugi á auknu samstarfi við foreldra hvað varðar íslenskunám barnanna. Tvítýngd börn fá nú meiri einstaklingsmiðun í sínu námi. Leitast er við að mæta hverjum og einum einstaklingi þar sem hann er staddur með auknum stuðningi við málið, bæði í litlum hópum og maður á mann. Auk þess fá fjölskyldur barnanna tækifæri til að vera virk í íslenskunámi með börnunum með tilkomu bakpokanna. Í þróunarverkefninu hefur umburðarlyndi og samkennd verið höfð að leiðarljósi og reynt að koma til móts við og virða ólíkar þarfir fjölskyldna, t.d. hvað varðar upplýsingagjöf, menningamun, túlkapjónustu og aðlögun inn í skólalífið. Verkefnið mun halda áfram næsta vetur og verða áfram í þróun.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Rafrænu orðaforðaverkefnið í *Bitsboard* eru opin fyrir alla til að sækja og nýta í íslenskunámi í gegnum vefinn. Námsefnið *Orðaleikur* sem notað var sem grunnur að verkefninu verður einnig aðgengilegt á vef þar sem allir geta kynnt sér efnið og nýtt það í sínu starfi, verið er að leggja lokahönd á efnið og mun það koma út haustið 2019. Þeir sem hafa áhuga á að skoða eða nýta sér Handbók fyrir foreldra (á íslensku, ensku og pólsku) og móttökuáætlun fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna geta nálgast skjölin á vef lðavallar en auðvelt er fyrir skóla að aðlaga efnið og gera það að sínu. Þróunarverkefnið hefur verið kynnt á ráðstefnum, í menntabúðum og annars staðar þar sem tilefni hefur gefist til en einnig hefur leikskólinn boðið kennara úr öðrum skólum velkomna í heimsókn. Sótt var um styrki til nokkurra fyrirtækja til kaupa á bakpokum og spjaldtölvum til að koma verkefninu af stað og fékk það veglegan styrk frá Eflu, KEA og Norðurorku til búnaðarkaupna. Sprotasjóður hefur styrkt þróunarvinnuna frá upphafi auk Þróunarsjóðs námsgagna sem hefur styrt gerð Orðaleiks og erum við öllum þessum aðilum þakklát fyrir stuðninginn.



20. júní 2019

Iris Rún Andersen, verkefnastjóri

Ólöf Jónasdóttir, verkefnastjóri

Anna Lilja Sævarsdóttir, leikskólastjóri

Íris Hrönn Kristinsdóttir, MSHA

Iris Rún Andersen
Anna Lilja Sævarsdóttir